



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tafir við opnun ungbarnaleikskólans við Hallgerðargötu

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 9. október 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Hvað veldur því að tafir hafa orðið á upphafi starfseminnar hjá ungbarnaleikskólanum við Hallgerðargötu?

Svar:

Áætlað var að opna ungbarnaleikskólann við Hallgerðargötu um mánaðarmótin júlí/ágúst síðastliðinn. Leikskólinn er tveggja deilda ungbarnaleikskóli fyrir allt að 60 börn á aldrinum 12 – 36 mánaða. Framkvæmdum við leikskólann seinkaði og því var horfið frá þeirri tímasetningu. Nú er öllum framkvæmdum lokið og búið er að ráða starfsfólk og stjórnendur sem nemur einni deild. Leikskólinn opnaði 30. október 2023.